stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp: Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Sigurður Líndal, Hafsteinn Baldvinsson og Ragnar Ólafsson.

Dómsorð:

Stefndi, Landssamband íslenzkra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar, Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs, Útvegsmannafélags Þorlákshafnar, Útvegsmannafélags Suðurnesja, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Snæfellsness, Útvegsmannafélags Norðurlands og Útvegsmannafélags Austfjarða, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna Vélstjórafélags Íslands.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 16. september 1977.

Nr. 2/1977. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja**
(Gunnar Eydal hdl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hdl.)

Frídagar. Yfirvinnukaup. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ.m., er höfðað með stefnu útgefinni 21. marz 1977.

Stefnandi málsins er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Dæmt verði, að dagar skuli ekki teljast merktir vinnudagar á varðskrá samkv. 8. mgr. 13. gr. kjarasamnings varnaraðila og sóknaraðila frá 1. apríl 1976, ef vakt á viðkomandi degi er skemmri en 7 klst.
2. Að varnaraðili verði dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda, og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins, en til vara að málskostnaður verði látinn falla niður.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst svo, að í kjarasamningi stefnanda og stefnda frá 1. apríl 1976 séu ákvæði um tvenns konar uppgjörsmáta vegna vinnu vaktavinnumanna á frídögum samkvæmt 6., 7. og 8. mgr. 13. gr. Í fyrsta lagi geri 6. mgr. ráð fyrir því, að einstök aðildarfélög eigi rétt á að semja um, að þeir starfsmenn í fullu starfi, sem vinna á reglubundnum vinnuvökum og skili til jafnaðar 40 klst. vinnu á viku allt árið, geti í stað greiðslna samkvæmt 2. mgr. 10. gr. fengið frí á óskertum föstum launum í 12 daga á ári miðað við heils árs starf. Þá segi í 8. mgr. 13. gr., að þeir vaktavinnumenn, sem eigi notfæri sér eða njóti heimilda skv. 6. og 7. mgr. 13. gr. eigi kost á því, að greitt verði samkvæmt varðskrá yfirvinnukaup, tímakaup skv. 11. gr. fyrir vinnu á almennum frídögum og stórhátíðardögum samkvæmt 15. gr. Síðan segi svo í grein þessari: „Bættur skal hver dagur, sem ekki er merktur vinnudagur á varðskrá og fellur á almenna frídaga eða stórhátíðardaga, annan en sunnudag, með greiðslu yfirvinnukaups í 7 klst. eða með öðrum frídegi". Í febrúarmánuði 1976 hafi verið kveðinn upp í Félagsdómi dómur í máli milli sömu aðila varðandi túlkun 9. mgr. 13. gr. kjarasamnings aðilanna frá 15. desember 1973 en það ákvæði svari til ákvæða 8. mgr. 13. gr. núgildandi kjarasamnings. Niðurstaða Félagsdóms hafi verið lögð til grundvallar í kjarasamningum aðila frá 1. apríl 1976 og sé orðalag greinarinnar í samræmi við dóminn. Ágreiningur hafi hins vegar komið upp milli aðila um það, í hvaða tilvikum dagur skuli ekki teljast merktur vinnudagur á varðskrá, þegar aðeins sé unninn lítill hluti umrædds dags. Stefnandi hafi því snúið sér til stefnda og óskað eftir viðræðum um túlkun þessa ákvæðis og hafi verið teknar upp viðræður í samstarfsnefnd aðila, en sú nefnda starfi á grundvelli 39. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Ákvæði

þessa kafla laganna hafi að vísu fyrst tekið gildi 1. júlí 1977, en samstarfsnefndin hafi hins vegar hafið störf haustið 1976 samkvæmt samkomulagi aðilanna. Á fyrsta fundi samstarfsnefndarinnar hinn 21. september 1976 hafi stefnandi lagt fram nokkur mál og hafi eitt þeirra varðað nánari skýringu á túlkun 8. mgr. 13. gr. kjarasamningsins frá 1. apríl 1976. Í bréfi, sem stefnandi hafi lagt fram á fundinum komi fram, að samkvæmt umræddu ákvæði kjarasamningsins skuli bættur hver sá dagur, sem ekki er merktur vinnudagur á varðskrá og fellur á almennan frídag eða stórhátíðardag, annan en sunnudag, með greiðslu yfirvinnukaups í 7 klst. eða með öðrum frídegi. Sú spurning geti komið upp, hvaða dagar teljist vera merktir vinnudagar á varðskrá, og hvort með þessu sé átt við það, að engin reglubundin vinna samkvæmt varðskrá sé innt af hendi viðkomandi sólarhring eða í 24 klst. Ekki sé ljóst, hvaða áhrif það hafi, ef vakt hefjist t.d. kl. 10.00 á almennum frídegi eða stórhátíðardegi öðrum en sunnudegi, þannig að „frídagurinn" verði aðeins 10 klst. Sé spurningin sú, hvort slíkur dagur teljist vera merktur vinnudagur á varðskrá. Stefnandi telji það vera eðlilega túlkun á umræddu ákvæði, að greiða laun fyrir 7 klst. sem lágmarksgreiðslu, hvort sem umræddur dagur telst merktur vinnudagur á varðskrá eða ekki, ef hann falli á almennan frídag eða stórhátíðardag skv. 15. gr. kjarasamnings aðila, annan en sunnudag, enda mundi önnur túlkun leiða til mjög óeðlilegrar niðurstöðu, því starfsmaður mundi tapa launum við að vinna reglubundna vinnuvöku í stað þess ef engin vinna er unnin. Á 5. fundi samstarfsnefndarinnar 1. nóvember 1976 hafi svo fulltrúar stefnda lýst því yfir, að ef einhver hluti dags, sem merktur er á varðskrá, falli á almennan frídag eða stórhátíðardag annan en sunnudag, skuli hann ekki bættur sem frídagur eða með greiðslu yfirvinnukaups í 7 klst. Hafi því erindi stefnanda alfarið verið synjað af hálfu stefnda.

Krafa stefnanda er studd þeim rökum, að ekki sé nánar skilgreint í kjarasamningi aðila, hvenær dagur teljist ekki vera merktur vinnudagur á varðskrá og hafi komið upp ágreiningur milli aðila, er svo standi á, að vakt nái skemur en 7 klst. inn á slíkan dag. Ef skilningur stefnda fái staðist, fái starfsmaður í sumum tilvikum lægri laun fyrir að vinna vinnuvökur en ef engin vinna er unnin. Sú niðurstaða sé algjörlega andstæð eðli og tilgangi ákvæða 8. mgr. 13. gr. kjarasamnings aðila. Verði skýring á þessu ákvæði að taka mið af

því, sem eðlilegra og skynsamlegra reynist, og sé sú skýring í andstöðu við eðli og tilgang kjarasamninga, sem leitt geti til þess að starfsmaður bíði fjárhagslegt tjón af því að inna vinnuskyldu af hendi við þær aðstæðu, sem stefnandi hefur hér gert grein fyrir.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að við vaktavinnu á vinnustöðum hjá stefnda skiptist vaktatímabil einstakra starfshópa iðulega á tvo sólarhringa. Þannig geti vinnuvöku lokið í upphafi stórhátíðardags eða hafizt í lok slíks dags. Þegar vinnuvaka skiptist milli tveggja sólarhringa séu báðir dagarnir merktir inn á varðskrá sem vinnudagar viðkomandi starfsmanns. Sé það gert hvort sem dagur er almennur vinnudagur dagvinnumanna, helgidagur eða stórhátíðardagur. Hafi þessi háttur alla tíð verið á hafður og liggi í hlutarins eðli, að þannig sé farið að. Sé ekki kunnugt um, að frá þessari almennu reglu hafi verið vikið hjá einstökum stofnunum eða vinnustöðum, þar sem unnið sé sólarhringsvaktavinna. Hafi þessar venjur um merkingu varðskrár verið fullkomlega ljósar báðum málsaðilum við gerð kjarasamningsins 1. apríl 1976. Hafi aðilar með ákvæði 8. mgr. 13. gr. verið að semja um þá daga, sem samkvæmt ríkjandi framkvæmd voru ekki merktir vinnudagar á varðskrá, þ.e. þá daga, sem taldir eru upp í 15. gr. kjarasamningsins, er alls engin vinna var innt af hendi. Leiði bein orðskýring til sömu niðurstöðu, enda skuli samkvæmt skýru orðalagi greinarinnar einungis greiða þá daga, sem í raun eru ekki merktir vinnudagar á varðskrá. Fái það því ekki staðizt, að vafi sé um það, hvaða dagar skuli teljast merktir á varðskrá. Krafa stefnanda byggist í raun á samanburði á því, hversu ákvæði 8. mgr. 13. gr. kjarasamnings aðilanna væru hagstæðari fyrir viðkomandi starfsmenn, ef vaktir féllu alfarið á einn sólarhring, en skiptust ekki milli sólarhringa, svo sem iðulega gerist við framkvæmd samningsákvæðanna til þessa. Slík sjónarmið geti að réttum lögum ekki haft þýðingu fyrir niðurstöðu málsins.

Við munnlegan flutning málsins kom fram, að orðalagið „merktir vinnudagar á varðskrá", hafi fyrst komið í kjarasamning aðila með samningi þeim, sem undirritaður var 1. apríl 1976.

Samkvæmt málflutningi aðila hér fyrir dómi hafa þeir dagar verið taldir „merktir vinnudagar á varðskrá", sem vinna á vinnuvöktum fellur á samkvæmt varðskrá. Er það í samræmi við eðlilega orðskýringu. Orðalag þetta kom og fram í kröfugerð í Félagsdómsmálinu

nr. 8/1975, sem stefnandi höfðaði fyrir hönd Félags íslenzkra símamanna, en dómur féll í því máli 27. febrúar 1976. Voru kröfur stefnanda í því máli teknar til greina. Verður að leggja til grundvallar, að aðilum hafi verið ljósar þær aðstæður sem skapast mundu með þeim dómi. Ekki hefur komið fram, að þá hafi verið ágreiningur með aðilum um skilning á þessu orðalagi. Hefur ekki verið sýnt fram á, að það hafi þá verið tilgangur aðila að veita orðalagi þessu aðra merkingu. Þykir því ekki unnt að taka kröfu stefnanda í máli þessu til greina. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp: Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Bjarni Sigurðsson.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Guðmundar V. Jósefssonar og Sigurðar Líndals.

Í 67. gr. l. nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði segir, að dómstólar verði ekki krafðir álits um lögfræðileg efni, nema að því leyti sem nauðsynlegt sé til úrlausnar ákveðinni kröfu í dómsmáli.

Í 26. gr. l. nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna segir, að Félagsdómur dæmi í málum, sem rísi milli samningsaðilja út af brotum á þeim lögum, ágreiningi um skilning á kjarasamningi og gildi hans og um félagsréttindi ríkisstarfsmanna, sbr. 34. gr. l. nr. 29/1976.

Samningsaðiljar samkvæmt 26. gr. l. nr. 46/1973 eru fjármálaráðherra, sbr. 2. gr. laganna og heildarsamtök þau, sem fjármálaráðherra hefur veitt viðurkenningu, sbr. 3. gr., sjá nú 3.—4. gr. l. nr. 29/1976.

Í 67. gr. l. nr. 85/1936 felst það, að til grundvallar hverri máls-

sókn verði að liggja raunverulegur ágreiningur málsaðilja, sem kröfur þeirra séu sprottnar af, og er þetta meginregla í íslenzku réttarfari. Hefði verið nauðsynlegt að orða það alveg ótvírætt, ef ætlunin hefði verið með l. nr. 46/1973 að hverfa frá þessari reglu. Þar sem það er ekki gert ber að skýra 26. gr . laganna með hliðsjón af grundvallarreglunni í 67. gr. einkamálalaganna.

Félagsdómur verður því ekki krafinn álits um lögfræðileg efni til dæmis vegna ágreinings um túlkun kjarasamninga, sem rísa kann milli fulltrúa samningsaðilja í nefndum eins og samstarfsnefnd samkvæmt 39. gr. l. nr. 29/1976, nema sýnt sé, að raunverulegur ágreiningur milli þeirra starfsmanna, sem l. nr. 46/1973 sbr. nú l. nr. 29/1976, taka til og fyrirsvarsmanna ríkissins, búi að baki.

Í máli þessu hefur Félagsdómur beint því til lögmanna aðilja „að gefa raunveruleg dæmi, þar sem ágreiningsefni málsins komi fram eða skýra það með öðrum hætti", sbr. 56. gr. l. nr. 80/1938. Og lögmenn aðilja hafa ítrekað verið inntir eftir því, hvar sá raunverulegi ágreiningur sé milli vaktavinnumanna og fyrirsvarsmanna ríkisins, sem orðið hafi tilefni þessarar málssóknar. Af því tilefni hefur verið lagt fram plagg til skýringar málavöxtum, sem ber heitið: „Dæmi um varðskrá vaktavinnumanns". Er þar sýnd vaktaskipan, sem lögmenn málsaðilja hafa búið til, en því jafnframt lýst yfir, að ekki sé vitað til, að hún eigi sér neina samsvörun í varðskrá, sem í reynd sé unnið eftir.

Við munnlegan flutning málsins lýsti lögmaður stefnanda því yfir að gefnu tilefni, að á Veðurstofu Íslands væri vöktum skipað þannig, að kröfur hans í þessu máli hefðu áhrif á greiðslur til starfsmanna þar, ef teknar yrðu til greina. Engin gögn hefur hann þó lagt fram fullyrðingu þessari til stuðnings né heldur sýnt fram á, að starfsmenn veðurstofunnar hafi fyrir sitt leyti óskað að kjarasamningurinn frá 1. apríl 1976 yrði túlkaður eins og krafizt er í þessu máli.

Málatilbúnaður eins og hér er lýst samræmist ekki meginreglum íslenzks réttarfars, og verður því ekki komizt hjá að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Þessi úrlausn okkar hefur ekki hlotið samþykki meiri hluta dómenda og greiðum við því atkvæði um efni málsins sbr. 192. gr. l. nr. 85/1936 og 69. gr. l. nr. 80/1938.

Með skírskotun til röksemda fyrir atkvæði meiri hluta dómenda getum við fallizt á dómsorðið.

Fimmtudaginn 29. september 1977.

Nr. 3/1977. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja**
(Gunnar Eydal hdl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hdl.)

Hvíldartími. Yfirvinnuálag. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 20. þ.m., er höfðað með stefnu útgefinni 21. marz s.l.

Stefnandi málsins er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Dæmt verði, að þeim ríkisstarfsmönnum, sem ekki ná tilskilinni lágmarkshvíld samkv. 3. mgr. 11. gr. kjarasamnings sóknaraðila og varnaraðila frá 1. apríl 1976, skuli greitt yfirvinnuálag þar til vinnu lýkur og hvíld hefst ásamt vaktaálagi, ef starfsmenn vinna á reglubundnum vinnuvökum eða hluta af vikulegri vinnuskyldu utan dagvinnutímabils eins og það er ákveðið í 9. gr. kjarasamnings sóknaraðila og varnaraðila frá 1. apríl 1976.
2. Að þeim ríkisstarfsmönnum, sem ekki ná tilskilinni lágmarkshvíld samkv. 3.mgr. 11. gr. kjarasamnings sóknaraðila og varnaraðila frá 1. apríl 1976 skuli greitt yfirvinnuálag þar til vinnu lýkur og hvíld hefst ásamt yfirvinnukaupi, ef starfsmenn vinna yfirvinnu samkv. 10. gr. kjarasamnings sóknaraðila og varnaraðila frá 1. apríl 1976.
3. Að varnaraðili verði dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað að mati dómsins.